

# Vínátta

## Vínáttumyndir í fullri líkamsstærð

Hvað finnst vinum skemmtilegt að gera? Börnin deila með bekkjarfélögum sínum því sem þeim finnst skemmtilegt að gera með vinum sínum með því að búa til vínáttumyndir af sér.

### Efni

- Pappírsarkir t.d. maskínupappír eða veggfóður
- Blöð til að teikna á
- Litir, tússlitir, blýantur
- Skæri
- Límband og lím
- Myndir (ef vill)

### Það sem gera skal

1. Hugflæði með börnunum um það sem vinir gera saman. Þetta gæti komið börnunum í gang: hópleikir/íþróttir, borða saman, spila, deila leyndarmáli.
2. Látið börnin vinna saman í pörum við að búa til vínáttumynd af sjálfum sér. Annað barnið leggst á pappírsörkina og hitt strikar útlínur þess á örkina. Síðan skipta þeir um hlutverk þannig að hvort barn fær örk með útlínunum sínum.
3. Börnin byrja á því að merkja myndirnar sínar með nöfnum sínum. Síðan fylla þau útlínurnar með myndum af því sem þeim finnst skemmtilegast að gera með vinum sínum. Börnin geta teiknað beint á pappírsörkina eða útbúið teikningar og fest þær á myndina af sér. Sumir vilja kannski koma með myndir að heiman af sjálfum sér og vinum sínum og bæta þeim á.
4. Festið myndirnar upp á vegg. Hvetjið börnin til að ganga á milli þeirra, líkt og þau væru á myndlistarsýningu, og skoða þær vel og reyna að finna það sem þau eiga sameiginlegt eða ekki sameiginlegt með bekkjarfélögum sínum.

